

# Lýsing á úthlutun þingsæta

Porkell Helgason

Unnið fyrir landskjörstjórn

í apríl 2013

## 1. Meginákvæði

Um úthlutun þingsæta gilda ákvæði XVI. kafla laga um kosningar til Alþingis, nánar tiltekið greinar 106 til og með 110.<sup>1</sup>

Samkvæmt ákvæðum þessara laga fer úthlutun hinna 63 sæta á Alþingi fram í tveimur meginskrefum. Fyrst er kjördæmissætum úthlutað, en þau eru 54 að tölu. Kjördæmissætunum er alfarið úthlutað á grundvelli fylgis lista í hverju kjördæmi. Landsfylgið kemur ekki við sögu. Það gildir líka einu hvort viðkomandi flokkur hafi boðið fram í öllum kjördæmum eða ekki.

Síðan er jöfnunarsætum úthlutað, en þau eru 9 talsins. Eins og nafn þeirra bendir til er tilgangur þeirra sá að „*hver stjórn málsamtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína*“ eins og segir í 31. gr. gildandi stjórnarskrár. Það er ekki þar með sagt að fullur jöfnuður náist. Til þess kunna jöfnunarsætinsætin nú að reynast of fá.

Við úthlutun jöfnunarsæta koma þau og aðeins þau stjórn málasamtök eða flokkar til álita sem hafa hlotið a.m.k. 5% fylgi samanlagt á landinu öllu. Þessi þröskuldur er tilskilinn skv. fyrrgreindu stjórnarskrárákvæði.

Úthlutun jöfnunarsætanna gerist þannig að þeim er samtímis skipt á milli stjórn málasamtakanna og um leið ráðstafað til lista þeirra í einstökum kjördæmum.

Þegar sætum hefur þannig verið ráðstafað til lista á eftir að finna hvaða frambjóðendur hvers lista hljóta sætin. Þar ræður mestu uppstillt röð þeirra á listunum, en hún getur þó raskast ef nægilega margir kjósendur nýta sér rétt sinn í kjörklefanum til að breyta. Hér verður ekki vikið frekar að reglum þar að lútandi.

Í eftirfarandi lýsingu verður gripið til úrslita úr þingkosningunum 2009 til skýringar. Úrslit þeirra kosninga má sjá í eftirfarandi 1. töflu, en sjö stjórn málasamtök buðu fram, og það í öllum kjördæmum.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Sjá <http://www.kosning.is/althingiskosningar/log-og-reglugerdir/log-um-kosningar-til-althingis>.

<sup>2</sup> Samantekt þessi unnin upp úr ítarlegri greiningu um kosningarnar 2009 sem lesa má í heild sinni á vef landskjörstjórnar: <http://landskjor.is/media/frettir/greining2009per11mars2013.pdf>.

1. tafla. Atkvæðatölur 2009								
	Fram-sóknar-flokkur	Sjálf-stæðis-flokkur	Frjáls-lyndi-flokkur-inn	Borgara-hreyf-ingin – þjóðin á þing	Lýð-ræðis-hreyf-ingin	Sam-fylk-ingin	Vinstri hreyf-ingin - grænt fram-boð	Gild atkvæði alls
<i>Listabókstafur samtaka:</i>	B	D	F	O	P	S	V	
Norðvesturkjördæmi	3.967	4.037	929	587	66	4.001	4.018	17.605
Norðausturkjördæmi	5.905	4.079	384	690	61	5.312	6.937	23.368
Suðurkjördæmi	5.390	7.073	838	1.381	127	7.541	4.615	26.965
Suðvesturkjördæmi	5.627	13.463	741	4.428	302	15.669	8.473	48.703
Reykjavíkurd. suður	3.435	8.211	700	3.076	226	11.667	8.106	35.421
Reykjavíkurd. norður	3.375	7.508	556	3.357	325	11.568	8.432	35.121
Atkvæði alls	27.699	44.371	4.148	13.519	1.107	55.758	40.581	187.183

## 2. Úthlutun kjördæmissæta

Kjördæmissætum er úthlutað með svokallaðri reglu d'Hondts. Til eru ýmsar aðrar aðferðir til að skipta sætum hlutfallslega eftir fylgi, en regla d'Hondts hefur verið notuð í þessu skyni lengst af síðan listakosningar hófust á Íslandi snemma á síðustu öld.

Reglan er einföld í útreikningi. Atkvæðatölum er deilt með heiltölunum 1, 2, 3 o.s.frv. Við það verður til tafla þar sem útkomutölunum úr deilingunni fyrir hvern lista er gjarnan raðað undir nafni eða bókstaf hvers lista. Síðan er gengið á allar útkomutölurnar eftir stærð og sæti úthlutað í hvert sinn þar til öllum sætum viðkomandi kjördæmis hefur verið ráðstafað.

Úthlutunina má skýra með dæmi sem sótt er til þingkosninganna 2009. Í 2. töflu er sýnd úthlutun kjördæmissæta í Suðurkjördæmi en þar var úthlutað alls níu kjördæmissætum.<sup>3</sup> Síðar bætist við eitt jöfnunarsæti, eins og síðar greinir.

S-listinn á hæstu atkvæðatöluna, 7.541, sem er þá um leið hæsta útkomutalan úr deilingarsyrpunni, atkvæðatalan deilt með einum. Síðan fara með sama hætti 2., 3. og 4. sæti til D-, B- og V-listanna út á deilingu með einum. Það er ekki fyrir en við 5. sætið sem reynir á deilingu með tveimur. Útkomutala hjá S-listanum, 3.536,5, er þá hæst þeirra sem enn koma við sögu. Hann fær því þetta 5. sæti, o.s.frv. Í raun reynir aldrei á deilingu með hærri tölu en fjórum í þessu dæmi.

<sup>3</sup> Úthlutun í öðrum kjördæmum má sjá á vefsíðunni <http://landskjor.is/media/frettir/kosn25april2009uthlutun3mai-leidr11mars2013.pdf>.

2. tafla. Úthlutun kjördæmissæta í Suðurkjördæmi 2009. Níu hæstu tölurnar eru auðkenndar með lit.							
Listabókstafur:	B	D	F	O	P	S	V
Atkvæði	5.390	7.073	838	1.381	127	7.541	4.615
Atkvæðatölum deilt með 1, 2, 3, 4 o.s.frv., sbr. 1. tölul. 107. gr.							
Útkomutölur úr þeirri deilingu, sbr. 2. tölul. sömu gr.							
	B	D	F	O	P	S	V
Atkvæði	5.390,0	7.073,0	838,0	1.381,0	127,0	7.541,0	4.615,0
Deilt með 2	2.695,0	3.536,5	419,0	690,5	63,5	3.770,5	2.307,5
Deilt með 3	1.796,7	2.357,7	279,3	460,3	42,3	2.513,7	1.538,3
Deilt með 4	1.347,5	1.768,3	209,5	345,3	31,8	1.885,3	1.153,8
Deilt með 5	1.078,0	1.414,6	167,6	276,2	25,4	1.508,2	923,0
Deilt með 6	898,3	1.178,8	139,7	230,2	21,2	1.256,8	769,2
Deilt með 7	770,0	1.010,4	119,7	197,3	18,1	1.077,3	659,3
Deilt með 8	673,8	884,1	104,8	172,6	15,9	942,6	576,9
Deilt með 9	598,9	785,9	93,1	153,4	14,1	837,9	512,8

Heildarúthlutun kjördæmissæta í kosningunum 2009 er dregin saman í 3. töflu.

3. tafla. Heildarúthlutun kjördæmissæta 2009.								
Listabókstafur:	B	D	F	O	P	S	V	Alls
Norðvesturkjördæmi	2	2	-	-	-	2	2	8
Norðausturkjördæmi	2	2	-	-	-	2	3	9
Suðurkjördæmi	2	3	-	-	-	3	1	9
Suðvesturkjördæmi	1	3	-	1	-	3	2	10
Reykjavíkurborgkjördæmi suður	1	2	-	1	-	3	2	9
Reykjavíkurborgkjördæmi norður	1	2	-	1	-	3	2	9
Heildartala kjördæmissæta	9	14	-	3	-	16	12	54

Heildartala kjördæmissæta hvers kjördæmis er ákveðin í kosningalögum samkvæmt fyrirmælum í stjórnarskránni. Frá kosningunum 2009 hefur orðið sú breyting að eitt kjördæmissæti hefur verið flutt frá Norðvesturkjördæmi til Suðvesturkjördæmis. Þau verða því 7 í því fyrrnefnda og 11 í því síðarnefnda í kosningunum 2013.

### 3. Úthlutun jöfnunarsæta

Við úthlutun jöfnunarsæta þarf að gera tvennt: Fyrst þarf að deila þeim út á grundvelli landsfylgis flokkanna og síðan að finna þeim stað hjá listum flokkanna í kjördæmunum. Um leið verður að taka tillit til þess að tala þingsæta hvers kjördæmis er fyrirframákveðin. Í gildandi kosningalögum gerist þetta tvennt á samtvinnaðan hátt.

Áður en kemur að ráðstöfun jöfnunarsæta þarf að aðgæta hvaða stjórn málasamtök (flokkar) koma til álitu. Í kosningalögum fyrrgreindu sem sett voru árið 2000 (og í samsvarandi stjórnarskrárákvæði frá árinu áður) er það nýmæli að þau samtök ein sem hafa náð 5% landsfylgi skulu koma til álitu við úthlutun jöfnunarsæta. Áður var miðað við að samtök hefðu hlotið eitt eða fleiri kjördæmissæti.

Tvenn samtök, Frjálslyndi flokkurinn (F) og Lýðræðishreyfingin (P), komust ekki yfir þennan þröskuld í kosningunum 2009 og komu því ekki til álitu við úthlutun jöfnunarsæta.

Tekið er á heildarskiptingu jöfnunarsæta með d'Hondts-reglu á sama hátt og við úthlutun kjördæmissæta. Í því skyni er mynduð úthlutunarröð með því að deila heildaratkvæðatölu hvers flokks með heiltölunum sem koma í kjölfarið á samtölu kjördæmissæta flokksins. Þannig er deilt í heildaratkvæðatölu Framsóknarflokksins (B), sem hlaut samtals 9 kjördæmissæti, með heiltölunum 10, 11, 12 o.s.frv. Þessar útkomutölur – nefndar „landstölur“ í lögnum – er að finna í 4. töflu.

<i>4. tafla. Landstölur flokkanna 2009. Níu hæstu tölurnar eru auðkenndar með lit.</i>					
Landstölur eru atkvæðatölur á landinu öllu deilt með heildartölu kjördæmissæta að viðbættum 1, 2, 3 o.s.frv., sbr. 2. málsl. 1. tölul. 3. mgr. 108. gr.					
<i>Listabókstafur:</i>	B	D	O	S	V
Atkvæði alls:	27.699	44.371	13.519	55.758	40.581
Samtala kjördæmissæta:	9	14	3	16	12
1. landstala	2.769,9	2.958,1	3.379,8	3.279,9	3.121,6
2. landstala	2.518,1	2.773,2	2.703,8	3.097,7	2.898,6
3. landstala	2.308,3	2.610,1	2.253,2	2.934,6	2.705,4
4. landstala	2.130,7	2.465,1	1.931,3	2.787,9	2.536,3
5. landstala	1.978,5	2.335,3	1.689,9	2.655,1	2.387,1
6. landstala	1.846,6	2.218,6	1.502,1	2.534,5	2.254,5
7. landstala	1.731,2	2.112,9	1.351,9	2.424,3	2.135,8
8. landstala	1.629,4	2.016,9	1.229,0	2.323,3	2.029,1
9. landstala	1.538,8	1.929,2	1.126,6	2.230,3	1.932,4

Samkvæmt kosningalögnum skal ganga á landstölurnar í fallandi röð. Þannig fer fyrsta jöfnunarsætið til Borgarahreyfingarinnar (O) þar sem flokkurinn á hæstu landstöluna, 3.379,8. Samkvæmt ákvæðum laganna skal koma því sæti fyrir í kjördæmi með því að finna þann framboðslista Borgarahreyfingarinnar á landinu öllu þar sem atkvæðatala í næsta sæti (þ.e. það sæti sem kæmi næst til álita sem kjördæmissæti) er hæst hlutfall af heildartölu gildra atkvæða í hlutaðeigandi kjördæmi. Með því að miða ekki við atkvæðatölu sætisins heldur hlutfallslega stærð þess er tekið á því að kjördæmin eru misstór og ekki síst því að vægi atkvæða er misjafnt. Þess vegna verður þetta að vera nokkuð flókið til að jafna út þetta misvægi. Ella færu jöfnunarsætin almennt fyrst öll til höfuðborgarkjördæmanna og landbyggðarkjördæmin yrðu að sætta sig við afgangana!

Upplýsingar um þessi fylgishlutföll næstu manna koma fram í 5. töflu.

Hvernig eru þessar hlutfallstölur fundnar? Tökum S-listann í Suðurkjördæmi sem dæmi. Eins og fram kom í 2. töflu hefur hann hlotið þrjú kjördæmissæti út á sín 7.541 atkvæði. Næsta sæti listans væri það fjórða. Því þarf að reikna út atkvæðatölu listans deilt með fjórum. Þá útkomu má lesa úr 2. töflu. Hún er 1.885,3. Sagan er ekki öll, heldur þarf að finna hve þessi tala er hátt hlutfall af öllum gildum atkvæðum í kjördæminu. Eins og sjá má á 1. töflu eru þau gildu alls 26.965 að tölu. Því þarf að reikna hlutfallið  $1.885,3/26.965$ . Útkoman úr þeirri deilingu sést í 5. töflu og reynist vera 0,06991 eða 6,991%.

<i>5. tafla. Hlutfallsleg staða næstu manna (á eftir þeim kjördæmiskjörunu) hjá þeim listum sem koma til álita, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 108. gr.</i>					
<i>Listabókstafur:</i>	B	D	O	S	V
Norðvesturkjördæmi	-	7,644%	3,334%	7,575%	7,608%
Norðausturkjördæmi	-	5,818%	2,953%	7,577%	7,421%
Suðurkjördæmi	-	6,558%	5,121%	6,991%	8,557%
Suðvesturkjördæmi	Fyrsti	-	6,911%	4,546%	8,043%
	Annar	-	5,529%	3,031%	6,435%
Reykjavíkurborg	Fyrsti	-	7,727%	4,342%	8,235%
	Annar	-	5,795%	2,895%	6,588%
Reykjavíkurborg norður	Fyrsti	-	7,126%	4,779%	8,234%
	Annar	-	5,344%	3,186%	6,588%

Aðeins er þörf á að sýna hlutfallslega stöðu næsta manns hvers lista í landsbyggðarkjördæmunum þremur þar sem þau kjördæmi fá eingöngu einn jöfnunarmann hvert. Aftur á móti skal úthluta tveimur jöfnunarsætum í kjördæmunum þremur suðvestanlands og því getur annar næsti maður lista (á eftir þeim kjördæmiskjörunu) komið til álita eftir að þeim fyrri hefur verið úthlutað sæti. Því eru birtar í töflunni tvær hlutfallstölur hjá hverjum lista í þessum kjördæmum. Ekki eru sýndar tölur fyrir Framsóknarflokk (B) þar sem hann fær engan jöfnunarmann skv. 4. töflu.

Eins og fyrr segir á fyrsta jöfnunarsætið að fara til Borgarahreyfingarinnar (O). Samkvæmt 5. töflu er staða O-lista í Suðurkjördæmi sterkust, listinn er þar með hlutfallið 5,121%. Það breytir engu að ýmsir frambjóðendur annarra flokka hafa herra hlutfall. Það er röð flokkanna samkvæmt landstölum sem ræður úthlutunarröðinni samkvæmt kosningalögunum. Gildir þá einu þótt hlutfallið sé herra annars staðar á landinu eða þótt í Suðurkjördæmi séu allir aðrir frambjóðendur í jöfnunarsæti með betri stöðu en sá sem hreppir þetta eina jöfnunarsæti kjördæmisins.

Í heild er úthlutun jöfnunarsæta eins og fram kemur í 6. töflu.

<i>6. tafla. Úthlutunarröð jöfnunarsæta 2009.</i>				
	Landstala við úthlutun	Hæsta hlutfalls-tala	Bókstafur samtaka sem hljóta úthlutun	Kjördæmi þar sem úthlutað er:
1. sæti	3.380	5,121%	O	Suðurkjördæmi
2. sæti	3.280	8,235%	S	Reykjavíkurborg suður
3. sæti	3.122	8,003%	V	Reykjavíkurborg norður
4. sæti	3.098	8,234%	S	Reykjavíkurborg norður
5. sæti	2.958	7,727%	D	Reykjavíkurborg suður
6. sæti	2.935	8,043%	S	Suðvesturkjördæmi
7. sæti	2.899	7,608%	V	Norðvesturkjördæmi
8. sæti	2.788	7,577%	S	Norðausturkjördæmi
9. sæti	2.773	6,911%	D	Suðvesturkjördæmi

Lesendur geta sannfært sig um úthlutunarhrininu í 6. töflu með því að rekja sig eftir landslistatölunum úr 4. töflu og finna síðan hæstu hlutfallstölur í 5. töflu og gleyma þá ekki að kjördæmi er úr sögunni um leið og jöfnunarsætum þess, einu eða tveimur, hefur verið ráðstafað.

Taka má sem dæmi að Sjálfstæðisflokkur (D) kemur ekki við sögu fyrr en í 5. jöfnunarsæti. Þá er þegar búið að fylla tölu jöfnunarsæta í Reykjavíkurborg kjördæmi norður svo og á Suðurlandi. Af þeim kjördæmum sem enn eru á lausu er staða D-listans á Reykjavíkurborg kjördæmi suður sterkust. Þangað fer því fyrra jöfnunarsæti flokksins. Það seinna er síðasta jöfnunarsætið og eina kjördæmið sem er í boði er Suðvesturkjördæmi. Þar verður Sjálfstæðisflokkurinn að taka sitt seinna jöfnunarsæti hvað sem raular og tautar.

Jöfnunarsætin reyndust nægilega mörg 2009 til að jafna til fulls á milli flokkanna. Það liggur ljóst fyrir varðandi þá flokka sem fengu jöfnunarsæti. Eini flokkurinn sem kemur til álita varðandi jöfnunarsæti en fær ekkert er Framsóknarflokkurinn (B). Hann fékk níu kjördæmissæti en ef þau hefðu verið einu færri þá hefði fyrsta landstala Framsóknarflokksins verið 27.699/9 eða 3077,7 og þá má sjá af 4. töflu að 5. jöfnunarsætið hefði komið í hlut flokksins og hann hefði því eftir sem áður fengið níu þingsæti. Framsóknarflokkurinn fékk því ekki fleiri kjördæmissæti en landsfylgið getur staðið undir. Reyndar hefur jöfnun milli flokka náðst síðan 1983.

Í 7. töflu er úthlutun jöfnunarsæta sýnd með sama hætti og kjördæmissæta í 3. töflu. Heildarúthlutunin kemur síðan fram í 8. töflu.

<i>7. tafla. Úthlutun jöfnunarsæti 2009.</i>								
<i>Listabókstafur:</i>	B	D	F	O	P	S	V	Alls
Norðvesturkjördæmi	-	-	-	-	-	-	1	1
Norðausturkjördæmi	-	-	-	-	-	1	-	1
Suðurkjördæmi	-	-	-	1	-	-	-	1
Suðvesturkjördæmi	-	1	-	-	-	1	-	2
Reykjavíkurborg kjördæmi suður	-	1	-	-	-	1	-	2
Reykjavíkurborg kjördæmi norður	-	-	-	-	-	1	1	2
Heildartala jöfnunarsæta	-	2	-			4	2	9

<i>8. tafla. Heildarúthlutun þingsæta 2009.</i>								
<i>Listabókstafur:</i>	B	D	F	O	P	S	V	Alls
Norðvesturkjördæmi	2	2	-	-	-	2	3	9
Norðausturkjördæmi	2	2	-	-	-	3	3	10
Suðurkjördæmi	2	3	-	1	-	3	1	10
Suðvesturkjördæmi	1	4	-	1	-	4	2	12
Reykjavíkurborg kjördæmi suður	1	3	-	1	-	4	2	11
Reykjavíkurborg kjördæmi norður	1	2	-	1	-	4	3	11
Heildartala þingsæta	9	16	-	4	-	20	14	63